



FJÁRMÁLAEFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til ytri endurskoðenda

2. október 2015

Tilvísun: 2015100003

Efni: Ný leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum og boð á kynningarfund Fjármálaeftirlitsins um efni þeirra þann 22. október nk.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2015 um samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eftirlitsskyldra aðila sem jafnframt eru einingar tengdar almannahagsmunum, voru gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi þann 5. júní 2015.

Þeim samskiptaviðmiðum sem fram koma í tilmælunum er ætlað að stuðla að betra eftirliti með því að veita leiðsögn um gagnkvæma upplýsingamiðlun og samvinnu milli Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda. Þá er þeim ætlað að vera viðbót við þau lögbundnu samskipti sem nú þegar eru á milli Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eininga tendra almannahagsmunum. Þeim er þó ekki ætlað að hafa áhrif á umfang og eðli ytri endurskoðunar.

Leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2015 eru fyrsta skrefið í þá átt að formfesta samskipti Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda eininga tengdum almannahagsmunum sem jafnframt eru eftirlitsskyldir aðilar og fylgja þannig þeirri þróun sem orðið hefur erlendis. Tilmælin fjalla í meginráttum um hvernig samskiptum og upplýsingamiðlun Fjármálaeftirlitsins og ytri endurskoðenda skuli háttað og eru byggð á þeim sjónarmiðum sem fram koma í leiðbeiningum Basel-nefndarinnar um ytri endurskoðun banka. Einnig er lögð til grundvallar ný reglugerð Evrópusambandsins nr. 537/2014 um sérstakar kröfur sem gerðar eru til lögbundinnar endurskoðunar eininga tengdum almannahagsmunum og innleidd verður hér á landi en þar er kveðið á um skilvirk og árangursrík samskipti eftirlitstjórnvalda og ytri endurskoðenda.

Lögð verður áhersla á að regluleg samskipti samkvæmt tilmælunum eigi sér stað við þá aðila sem teljast ofarlega í áhrifavægisflokkinum Fjármálaeftirlitsins. Aftur á móti er möguleiki á slíkum samskiptum við ytri endurskoðendur annarra eftirlitsskyldra aðila ef þörf krefur og telur því Fjármálaeftirlitið mikilvægt að allir þeir aðilar sem fara með ytri endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, kynni sér efni þeirra.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fyrirhugað er að hefja samskipti á grundvelli tilmæla nr. 4/2015 í nóvember 2015 og verður ytri endurskoðendum þeirra aðila sem falla undir tilmælin og áætlað er að funda með sent boð þess efnis.

Fjármálaeftirlitið mun halda kynningarfund um efni tilmælanna kl. 14.00 fimmtudaginn 22. október 2015 og hvetur þá aðila sem hafa með höndum endurskoðun eininga tengdum almannahagsmunum til þess að mæta á fundinn.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsd.
Halldóra E. Ólafsdóttir

Ragnheiður Morgan Sig.
Ragnheiður Morgan Sigurðardóttir